

Ágæta samkoma.

Fyrir hönd fjölskyldu Kristjáns Eldjárns er mér það mikil ánægja að geta nú á þessum degi formlega afhent Myntsafni Seðlabanka og Þjóðminjasafns þessa gripi, mynt, minnispeninga og skylda muni sem að honum söfnuðust í tímans rás. Það var eindregin skoðun okkar systkina og móður okkar að gripirnir væru best geymdir hér á þessu safni sem reyndar var opnað 6. desember 1986, á þeim degi sem Kristján hefði orðið sjötugur.

Allt er þetta nokkuð drjúg syrpa sem hér má nú sjá dálítið sýnishorn af. Faðir okkar var svo sem enginn sérstakur myntsafnari í eiginlegum skilningi þess orðs né gaf hann sig út fyrir að vera meiri háttar sérfræðingur á þessu sviði en víst er að sem safnmanni þótti honum myntfræðin merkilegt rannsóknarsvið, göfug fræðigrein sem bæri fullur þegnréttur í menningarsögu Íslendinga og reyndi því að sinna þessum fræðum eftir föngum. Trúlega hefur sá áhugi fornleifafræðingsins vaknað út frá myntfundum í jörðu sem hann kynntist og gerði grein fyrir í tengslum við uppgröft og safnstörf. Hann er að minnsta kosti nokkuð snemma kominn í samband við myntfræðinga á Norðurlöndum og víðar og farinn að skrifa í norræn sérfræði- og safnararit um myntfundi hér. Fyrst um Gaulverjabæjarfundinn frá 1930 og ýmsa staka fundi í grein sem birtist í ársriti um norræna myntfræði – Nordisk numismatisk årsskrift, 1948. Og svo strax ári síðar um rómverskar myntir á Íslandi en um sama efni fjallar upphafsritgerðin í fyrstu bók hans, Gengið á reka sem út kom 1948. Hann gerði síðan einnig grein fyrir sjóðnum sem fannst á Ketu á Skaga 1953, þar sem mynt og myntbrot leyndust í brotasilfri.

Hann skrifaði líka ítarlega um Alþingishátíðarpeningana í Árbók Fornleifafélagsins 1962. Sú ritgerð var síðan gefin út sérlega í litlu kveri sem varð upphafið að ritröð Myntsafnsins um myntfræði og hefur nú verið endurprentað.

Eins birti hann líka ritgerð í Árbókinni 1972 um upphaf vörupeninga á Íslandi og nafnlaust skrifaði hann upplýsingabækling um minnispening Þjóðhátíðarnefndar 1974.

Af þessari fræðaiðkan leiddi að hann kom einnig sem kunnáttumaður nokkuð að gerð og hönnun ýmissa íslenskra minnispeninga og gerði svo gjarna grein fyrir þeim jafnóðum á norrænum myntfræðivettvangi: Um afmælispening Þjóðminjasafnsins 1963, minnispening vegna áttaræðisafmælis Sigurðar Nordals 1966, um minnispening Ásu Guðmundsdóttur Wright 1972 og loks skrifaði hann um Sigurjón Ólafsson og minnispeninga hans 1977.

Það var því svo sem ekki að undra að maður með þennan áhuga tæki vel við og hefði gaman af ýmsu slíku sem honum áskotnaðist í nýju starfi suður á Álftanesi, en sá vinnustaður er einmitt þess eðlis að hann laðar að sér marga góða gripi af þessu tagi.

Hér er margt slíkt að sjá sem vonandi á eftir að þykja forvitnilegt og verða til íhugunar og ánægju öllu áhugafólki um minjafraði, listfraði og sagnfraði.

Sem sagt, við afhendum Myntsafninu hér með alla syrpuna, biðjum alþjóð vel að njóta og þökkum góðar viðtökur.

(Þetta síðan staðfest með því að lesa upp skjalið sem seðlabankastjóri og þjóðminjavörður tóku við.)